

# Allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála á Íslandi (UPR)



# UPR á Íslandi

- Fyrsta úttekt – 2011 til 2012.
- Önnur úttekt – 2016 til 2017.
- Þriðja úttekt – 2021 til 2022.



# Stýrihópur Stjórnarráðsins um mannréttindi

- Í kjölfar síðustu allsherjarúttektar var ákveðið að koma á fót stýrihópi Stjórnarráðsins um mannréttindi.
- Formlegur samráðsvettvangur allra ráðuneyta um mannréttindi.
- Markmiðið er að tryggja samráð, stöðugleika og fasta aðkomu allra ráðuneyta að mannréttindamálum.
- Stýrihópurinn leggur áherslu á að eiga gott samstarf og samráð við hagsmunaaðila.



# Fulltrúar í stýrihópnum um mannréttindi

- Elísabet Gísladóttir, tilnefnd af dómsmálaráðuneytinu,
- Heiður Björnsdóttir, tilnefnd af forsætisráðuneytinu,
- Davíð Logi Sigurðsson, tilnefndur af utanríkisráðuneytinu,
- Arndís Dögg Arnardóttir, tilnefnd af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu,
- Guðni Olgeirsson, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneytinu,
- María Sæmundsdóttir, tilnefnd af heilbrigðisráðuneytinu,
- Kjartan Ingvarsson, tilnefndur af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu,
- Brynhildur Pálmarsdóttir, tilnefnd af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu,
- Haraldur Steinþórsson, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneytinu,
- Guðrún Þorleifsdóttir, tilnefnd af félagsmálaráðuneytinu.



# Tilmæli frá síðustu úttekt

- Eitt af meginhlutverkum stýrihópsins er að halda utan um allsherjarúttektina og fylgja eftir þeim tilmælum sem Ísland fær í því ferli.
- Í síðustu úttekt fékk Ísland 167 tilmæli og þar af voru 133 samþykkt.
  - Snúa m.a. að fullgildingu alþjóðlegra sáttmála, innlendu mannréttindaeftirliti, jafnrétti, kynþáttamisrétti, mansali, réttindum kvenna, ofbeldi, innflytjendum, fólki í leit að alþjóðlegri vernd og stefnumótun á sviði mannréttinda.
- Tilmælin og stöðu þeirra má finna á vef Stjórnarráðsins – <https://www.stjornarradid.is/mannrettindi>.



# | Allsherjarúttekt Sameinuðu þjóðanna: Staða tilmæla



Tilmæli

Staða

Ábyrgð

## Viðurkenning alþjóðlegra viðmiða

Fullgilda og innleiða Samninginn um réttindi fatlaðs fólks. (Tilmæli nr. 115.25)

Dómsmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið

Fullgilda valfrjálsa bókun við Samninginn gegn pyndingum. (Tilmæli nr. 115.1 – 115.13 og 115.19)

Dómsmálaráðuneytið

Fullgilda Alþjóðasamninginn um vernd gegn mannhvörfum. (Tilmæli nr. 115.10 – 115.19)

Dómsmálaráðuneytið

Fullgilda Samninginn um stöðu ríkisfangslausra og Samninginn um aðgerðir gegn ríkisfangsleysi. (Tilmæli nr. 115.19)

Dómsmálaráðuneytið

Fullgilda Samning Evrópuráðsins (Istanbul-samninginn) um forvarnir og aðgerðir til að spyrna við ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. (Tilmæli nr. 115.20)

Dómsmálaráðuneytið

Fullgilda Samninginn um afnám allrar mismununar er varðar menntun. (Tilmæli nr. 117.10)

Mennta- og menningarmálaráðuneytið



# UPR 2021 til 2022

- Stýrihópurinn er að hefja skrif á skýrslu sem þarf að skila fyrir **1. október 2021.**
- Skýrslan mun fjalla um þá þróun sem hefur átt sér stað frá síðustu úttækt og hvernig brugðist hefur verið við þeim tilmælum sem Ísland samþykkti þá.
  - Má ekki vera lengri en 20 bls.
- Áætlað er að Ísland verði tekið fyrir af Mannréttindaráðinu í **janúar 2022.**



# Samráð og þátttaka hagsmunaaðila

- Lögð er rík áhersla á samráð á öllum stigum vinnunnar.
- Stefnt er að því að birta drög að skýrslu á samráðsgáttinni fyrir sumarið.
- Hægt er að senda ábendingar á [mannrettindi@dmr.is](mailto:mannrettindi@dmr.is)
- Hagsmunaaðilar geta líka komið sjónarmiðum sínum beint á framfæri með því að senda inn sínar eigin skýrslur til Mannréttindaráðsins en skila þarf slíkum skýrslum fyrir **1. júlí 2021**.

